

Föstudaginn 26. apríl 1996.

Nr. 403/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Haraldi Pétri Guðmundssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Dómstólar. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 4. desember 1995 og krefst þyngingar á refsingu ákærða og frekari sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness af Skúla Magnússyni. Fyrir Hæstarétti hafa af hálfu ákærvalds verið lögð fram gögn um, að hann hafi verið ráðinn með samningi 15. september 1995 til starfa sem „héraðsdómarafulltrúi“ við fyrrgreindan dómstól frá fyrsta sama mánaðar með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. janúar 1996 var Skúli „settur til að gegna embætti dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness“ um eins árs skeið frá 15. september 1995 að telja, en með bréfi ráðuneytisins 5. febrúar 1996 var upphafi setningartímans breytt í fyrsta dag fyrrgreinds mánaðar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, svo sem þeirri grein var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, getur dómsmálaráðherra skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma tiltekna dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra, þar á meðal að leysa úr opinberum málum, sem sæta ekki aðalmeðferð. Við uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms 16. nóvember 1995 hafði Skúli Magnússon hvorki verið skipaður né settur til að gegna stöðu dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness. Hafði hann því ekki vald til þessa verks, og breytir eftirfarandi setning hans í fulltrúastöðu engu í þeim efnum.

Samkvæmt þessu verður sjálfkrafa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm

og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Verður að fella allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Átelja ber, að starfsmanni við Héraðsdóm Reykjaness, sem brast að lögum vald til að fara með dómstörf, hafi verið úthlutað þessu máli til meðferðar og úrlausnar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Allur kostnaður af meðferð málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.
